
FUNDARGERÐ

Fundur:	Raforkuhópur 2003-04
Fundartími:	Þriðjudagur 6. maí 2003 kl. 13:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Raforkunotkun á fyrstu þremur mánuðum ársins.
	2) Notkunarflokkar raforku 2002.
	3) Gögn um afl.
	4) Forsendur raforkunotkunar.
	5) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:	Guðmundur Guðmundsson
	Sigurður Ágústsson
	Ívar Þorsteinsson
	Jakob Ólafsson
	Ólafur Pálsson
Landsvirkjun:	Guðmundur Björnsson
Verkfræðistofan Afl:	Jón Vilhjálmsson
	Ingvar Baldursson

- 1) JV dreifði töflum yfir raforkunotkun á fyrstu þremur mánuðum ársins og tók fram að það vantaði smávægilega vinnslu. Þar kemur fram að raforkuvinnsla hefur minnkað um 0,6% á fyrsta ársfjórðungi. Flutningstöp hafa minnkað um 14,8% og eigin notkun Landsvirkjunar hefur minnkað um 4,4%. Stórnotkun minnkar um 0,4% og almenn notkun með notkun Landsvirkjunar vex um 0,3%. Sala á ótryggðri orku eykst um 11,6% og forgangsorka minnkar um 1,6%. JV dreifði þá töflum um notkunina leiðrétt út frá lofthita en fyrstu þrjú mánuðir ársins voru hlýrri en á síðasta ári eða 2,3°C í stað -0,4°C. Aukning notkunar eykst því við hitastigsleiðréttingu. Leiðrétt notkun almennrar forgangsorku eykst um 1,7% á fyrsta ársfjórðung ársins. JV sagði að þetta væri minni aukning en á síðasta ári. Hann afhenti fulltrúum veitnanna samantekt um þróunina hjá þeim á fyrsta ársfjórðungi og er aukning forgangsorku á Suðurnesjum (-1,4%), í

Hafnarfirði (7,1%), hjá Orkuveitu Reykjavíkur (0,9%) hjá Norðurorku (-2,8%), Rafmagnsveitum ríkisins (-8,6%) og Orkubúi Vestfjarða (-8,8%).

- 2) JV dreifði töflu um raforkunotkun eftir notkunarflokkum og veitum á síðasta ári. Töpin koma betur út núna en á síðasta ári nema þau er nokkuð lítil hjá Hitaveitu Suðurnesja bæði á Suðurnesjum og í Hafnarfirði. JV lagði til að töflunni yrði breytt í samræmi við fækkun veitna og var það samþykkt. ÍP sagðist ekki hafa fengið svar varðandi það hvort Smáralind væri ennþá flokkuð með byggingarafmagn.
- 3) IB fór yfir aflgögn. Mest öll gögn eru komin en úrvinnslu er ekki lokið. Hann nefndi vandamál með vinnslutölur úr Svartsengi og Nesjavöllum þar sem virðist vera um að ræða augnabliksgildi en ekki meðalgildi klukkustundar. Einnig nefndi hann vandamál með gögn um vinnslu sem koma frá kefiráði Landsvirkjunar. Göt virðast meiri nú í þeim gögnum en áður og kom þau á óheppilegum tíma eða mikið í desember. JV sagði erfiðlega gengi að koma þessu í betra horf þar sem sömu vandamál væru ennþá til staðar sem við höfum verið að ræða undanfarin ár.
- 4) Rætt var um breytingar á forsendum raforkunotkunar. GG benti á að taka þyrfti Austurland sérstaklega fyrir við endurskoðun raforkuspár. Huga þyrfti að því hvort hitaveita kæmi á Eskifirði. Fundarmenn ætla að senda JV athugasemdir varðandi raforkuspána ef það er einhverjar breytingar sem þeir vilja sjá.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:10. Næsti fundur ákveðinn 2. september 2003.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- Raforkunotkun 2003, 1. ársfjórðungur. (JV)
- Almenn raforkunotkun leiðrétt út frá lofthita, 1. ársfjórðungur. (JV)
- Orkusala rafveitna árið 2002 eftir notkunarflokkum. (JV)